

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Krikahverfis, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 16. janúar 2008 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi Krikahverfis vegna Litlakrika 25. Skipulagsbreytingin felst í stækkun lóðar og byggingarreits til norðurs, breytingu á gangstétt og færslu þriggja langsumbílataða við götu að vesturmörkum lóðarinnar, sem skerðist þeim megin sem því nemur.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 27. febrúar 2008,*

**Finnur Birgisson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 13. mars 2008